

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

7. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 19. apríl 2016 í skrifstofu 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Karl Georg Klein (SH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður), Viðar Halldórsson (FH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Þórarinn Sófússon (GSE), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Sigurjón Andersen (KK), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Ingvar Kristinsson (Björk) og Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Magnús Gunnarsson (Haukar) og Þórunn Ansnes (Sörli).

Dagskrá

1. Tilkynning frá Lyfjaeftirliti ÍSÍ

Fulltrúar félaga beðnir um að koma tilkynningu frá Lyfjaeftirliti ÍSÍ sem birtist á heimasíðu ÍSÍ 8. mars sl til þjálfara eða þeirra sem hafa umsjón með þjálfurum innan félaga og deilda. Mikilvægt er að þjálfarar og iðkendur kynni sér bannlista WADA. Íþróttamenn sem heilsu sinnar vegna þurfa að taka lyf sem eru á bannlista WADA bera ábyrgð á því að sækja um undanþágu í samráði við lækni.

2. Ferðasjóður íþróttafélaga 2015

Hægt er að sækja um í sjóðinn einu sinni á ári. Umsóknargátt á heimasíðu ÍSÍ er opnuð í desember ár hvert og lokað í byrjun janúar. ÍSÍ hefur í samvinnu við sérsambönd skilgreint inn í gáttinni hvaða ferðir innanlands á Íslandsmót eru styrkhæfar. Aðildarfélögin eru beðin um að kynna sér það árlega hvort þau séu að fara í styrkhæf verkefni og sækja um. Fyrir árið 2015 fengu fimm aðildarfélög innan ÍBH styrk úr sjóðnum og var samtalsupphæðin kr. 2.532.673. FH fékk kr. 382.527. Haukar fengu kr. 2.014.519. SH fékk kr. 86.117. SÍH fékk kr. 19.664. BH fékk kr. 29.846.

3. Veggspjald með leiðbeiningum vegna heilahristings

ÍSÍ hefur á undanförunum tveimur árum í samvinnu við HR og KSÍ staðið fyrir málstofum um höfuðáverka þá aðallega heilahristing og mögulegum afleiðingum hans. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um málefnið á heimasíðu ÍSÍ undir fræðslu og forvarnir. Til að vekja athygli á málefninu hefur ÍSÍ gefið út fjórar gerðir af veggspjöldum til að hengja upp í íþróttamannvirkjum.

4. Boðun Stofnþings Þríþrautarsambands Íslands

Stofnþingið verður haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík 27. apríl nk kl. 18.00. Íþróttafélagið Fjörður og Sundfélag Hafnarfjarðar eru með þríþrautariðkendur innan sinna vébanda. ÍBH hvetur alla velunnara þríþrautar til að mæta á stofnþingið.

5. Drög að 70 ára sögu ÍBH

Á heimasíðu ÍBH undir liðnum fréttir er búið að setja textaskjal með drögum að 70 ára sögu ÍBH sem Jóhann Guðni Reynisson hefur tekið saman. Ákveðið hefur verið að hafa skjalið á síðunni opið frá og með 6. apríl og til og með 6. maí nk til ábendinga og athugasemda fyrir núverandi og fyrrverandi íþróttaförystufólk í Hafnarfirði. Allar athugasemdir eða ábendingar á að senda á Jóhann Guðna í netfangið johanngr1@simnet.is.

6. Yfirlit yfir lottógreiðslur til aðildarfélaga ÍBH frá ágúst 2015 til febrúar 2016

Úthlutanir kynntar og samþykktar.

7. Þjónustusamningur Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélög

Samningur frá 31. mars sl lagður fram til kynningar. Um endanlegan samning er að ræða. Hvert og eitt aðildarfélag sem á rétt á því að fá framlög frá Hafnarfjarðarbæ samkvæmt

Þessum samningi þarf að undirrita hann til þess að fá framlögin. Knattspyrnufélagið Haukar var fyrsta aðildarfélagið til að undirrita hann 12. apríl sl.

8. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá HSÍ um 59. ársþing HSÍ sem verður haldið laugardaginn 23. apríl 2016 í Laugardalshöll Reykjavík. Kjörbréf hafa verið send til aðildarfélaga ÍBH.
- b). Bréf frá Skotíþróttasambandi Íslands um skotþing sem verður haldið laugardaginn 14. maí 2016 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík. Kjörbréf hefur verið sent til SÍH.
- c). Bréf frá Skyldingasambandi Íslands um skyldingaþing sem verður haldið 13. apríl 2016 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík. Kjörbréf hefur verið sent á skyldingadeild FH.
- d). Bréf frá Frjálsíþróttasambandi Íslands um 60. þing Frjálsíþróttasambandsins sem verður haldið 30. apríl og 1. maí 2016 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal í Reykjavík. Kjörbréf hefur verið sent á frjálsíþróttadeild FH.
- e). Bréf frá Fimleikasambandi Íslands um fimleikaþing sem fer fram 13. maí 2016 í fundarsölum ÍSÍ Reykjavík. Kjörbréf hefur verið sent á Fimleikafélagið Björk.

9. Önnur mál

- a). VH sagði frá því að Fimleikafélagið Björk og Fimleikafélag Hafnarfjarðar ætluðu saman að halda Íslandsmót í hópfimleikum 22. og 23. apríl nk í Kaplakrika.
- b). SA minnti fundarmenn á boð DÍH í 20 ára afmæli DÍH sem fer fram 21. apríl nk (Sumardaginn fyrsta) með glæsilegri nemendasýningu með veitingum og söngatriði í Íþróttahúsinu Strandgötu kl. 14.00-17.00.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.00 og lauk kl. 19.00.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.